

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dýrfiskur hf. Dýrfiskur hf.



Dags eftirlits	20.6.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Dýrfiskur hf.	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarbakka 8, 425 Flateyri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Arnar Freyr Jónsson	ÍSAT nr.	05.02.4
Fulltrúi fyrirtækis	Brynjar Gunnarsson	Staðsetning	65°53,460'N 23°37,710'W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirliti hvað varðar umhverfismælingar á kopar og ein athugasemd var gerð v. tryggingar vegna bráðamengunar hafs og stranda.

UMFANG EFTIRLITS

Þetta er fyrsta eftirlit hjá rekstraraðila þar sem starfsleyfið er nýtt, eða frá 13. febrúar 2013.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir framkvæmd eftirlitsins, gerð eftirlitsskýrslna, ferli frávíka og athugasemda komi það upp í eftirliti. Einnig var bent á að öll gögn skuli send á netfangið ust@ust.is og á netfang eftirlitsaðila.

Farið var yfir stöðu eldisins, framtíðaráform og markmið.

Sigt var út að kvíum í Dýrafirði þann 15. maí sl. og staðsetning og fjöldi kvía skoðaður. Eru 11 kvíar á svæðinu og fiskur í þeim öllum.

Frávik frá

gr. 5.1. í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Umhverfismælingar á kopar skulu hefjast fyrir 1. maí 2013 sé heimild til notkunar á lituðum kvíum í gr. 2.3. notuð. Koparmælingar eru ekki hafnar.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við að tryggingu v. bráðamengunar hafs og stranda skv. gr. 4.7 í starfsleyfi, vantar.

ANNAÐ

Öllum áætlunum sem tilgreindar eru í starfsleyfi hefur verið skilað til eftirlitsaðila og á Umhverfisstofnun eftir að samþykja þær.

Eftirlitsaðili sendi leiðbeiningar v. útstreymisbókhalds og græns bókhalds til rekstraraðila með tölvupósti þann 27. júní 2013.

Skv. gr. 5.1 skal vöktunaráætlun innihalda ákvæði um umhverfismælingar á kopar ef rekstraraðili notar heimild til notkunar litaðra kvía. Rætt var um tíðni þessara mælinga og eftirlitsaðili kannar hver tíðni þessara mælinga eru hjá sambærilegum fyrirtækjum áður en vöktunaráætlun verður samþykkt.

Send hefur verið inn umsókn um fleiri eldissvæði og aukið eldi til Skipulagsstofnunar. Beðið er eftir niðurstöðum úr þeirri umsókn.

Reykjavík, 27.06.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki

geta talist frávik.